Minning

Kristjáns konúngs VIII.

1848.

Minníng

KRISTJÁNS KONÚNGS

ÁTTUNDA.

SORGAR-HÁTÍÐ

í minníngu dauða

KRISTJÁNS KONÚNGS ÁTTUNDA,

haldin í Reykjavík

af

vísindastiptunum landsins

8. dag Maí-mánaðar 1848.





Reykjavík.

Prentuð í prentsmiðju landsins af H. Helgasyni.

1848.



I.

Saungur

orktur af

Rektor hins lærða skóla,

Dr. Theol. **Sveinbirni Egilssyni.**

(súnginn af lærisveinum skólans).

1.

Þú veitir, drottinn, gæðin góð
til góða hverjum lýðum;
að þínu boði búin stóð
hver bót á rauna tíðum.
Þú blandar saman blítt og strítt,
þú bindur saman fornt og nýtt
á eðlis ferli fríðum.

2.

Þú kónga gafst, þú kónga tókst,
af kærleik jafnt og mildi;
ráðvöndum þegnum reynslu jókst,
rètt sem þín spekin vildi.
Og gjörvöll ríki, lýðir, lönd
sèr lèku í þinni máttarhönd
alveldis undir skildi.

3.

Þú Friðrik gafst, þú Friðrik tókst,
þann frelsisvottinn góða!
Þú **Kristján** gafst, þú **Kristján** tókst,
þann konúng mentafróða!
Áttunda Kristján, kónga hnoss,
Þú kallaðir í burt frá oss!
það hryggir hjörtu þjóða.

4.

Og Íslands börn við afhvarf hans
umspennir treginn sterki,
því vors hann efndi auðnu lands
í orði bæði og verki.
Íslenzka túngan, alþíng sett,
umbót á skóla og prestastètt
þess verða minnismerki.

5.

Þau merkin lifa lát oss hjá,
þú líknarstoðin blíða,
þeim verkum láttu viðgáng fá
veltandi strauminn tíða!
Þú ræður stund og stað um heim,
þú stórt og smátt um` allan geim
skapar með skipun fríða.

6.

Snú barna þinna í gleði grát;
þèr geðjast hugsorg eigi.
Endurminníngu lifa lát
lofsverka á hverjum degi.
Sú endurminníng efli hug,
sú endurminníng veki dug,
og hjörtun til þín hneigi!

II.

Ræða

flutt af forstöðumanni prestaskólans,

Dr. Theol. Lector **P. Pètursssyni.**

Aldrei hafa nein tíðindi borizt fljótar milli fjórðúnga lands þessa, enn harmasaga sú, að konúngur vor, Kristján hinn áttundi, væri dáinn; og munum vèr sjá, að þetta er rètt hermt, þegar vèr gætum þess, hvað hún var hraðfleyg, og líka hins, hvernig allt er vant að vera seinfara innanum landið, einkum á vetrardaginn, þá frèttir og ferðir halda að miklu leiti kyrru fyrir og sèrhver andleg lífshreifing er vön að frjósa þar sem hún er komin, þángað til hún þyðnar aptur af sólbráði sumarsins. En — þessi harmasaga flaug á fám dögum vestan af landsenda bæði norður og eins híngað suður. Henni var skotið inní landið og hún hljóp eins og hræfareldur um allt land. Hún mætti hvorki frosti nè farartálma, því það var eins og hún færi aðra leið, eins og hún flýgi úr einu hjarta í annað; en — hjörtu Íslendínga eru heit; því þar er ætíð heitt, sem elskan er fyrir.

Það eru til ósýnileg bönd, sem teingja saman hjörtu einstakra manna og heilla þjóða og þaðan

sprettur allur fèlagsskapur og þjóðlíf, og það er eins og þessi hin mikla harmafregn hafi lesið sig eptir þessum ósýnilegu streingjum og þannig runnið úr eins í annars hjarta; það er eins og þjóðerni vort hafi komizt við og titrað, þegar hann dó, sem allra konúnga mest hefur glæðt það og að því hlynnt. Það er því heldur ekki furða, þó hjörtu vor sèu sárlega snortin og söknuður vor sè sviðamikill, því vèr höfum eptir ágætum konúngi að sjá.

Það er óhætt að fullyrða hèr — sem er alræmi og öllum ber saman um — að einginn Danakonúngur hefur verið eins vitur og menntaður og Kristján hinn áttundi, og að hann var ágæta vel að sèr um flesta hluti og lèt það ásannast í öllum stjórnaraðgjörðum sínum, hve mjög hann unni vísindum og allri menntan. Þessi sannleiki er svo þjóðkunnur, svo alkunnur á Norðurlöndum og víðar, að það væri ótilhlýðilegt að fara um hann fleiri orðum, eða leiða rök að því, sem lifir í allra brjósti og leikur á allra vörum, sem lýsir sèr í öllum gjörðum hans, og skýn jafnvel útúr þessari mynd hans, er vèr höfum hèr fyrir augum vorum og sem enn þá starir á oss með sínu djúpsæra augnatilliti og sínum milda hátignarsvip!

Það verður heldur ekki heimtað af mèr, að leggja dóm á ríkisstjórn Kristjáns konúngs áttunda, að því leiti sem Danmörku snertir; bæði mun það vera örðugt að svo stöddu að gjöra þetta rètt og hlutdrægnislaust og líka er það þeim ætlað, sem rita Danmerkursögu; en — þó nú sem stendur kunni sitt að sýnast hverjum um það, *hve miklu* hefur orðið ágeingt í Danmörku síðan hann kom til ríkis, þá er ekki einhlýtt að byggja dóm sinn á því, síst meðan ekki er leingra frá liðið, því margt mundi þar koma til íhugunar. En — samt sem áð-

ur, má þó fullyrða bæði það, að þò hann væri einvaldur, vildi hann þó fara jafn varlega og viturlega, og fór því opt að ráðum þeirra manna, sem voru orðnir þvældir í skóla reynslunnar, og líka hitt, að ríkisstjórn hans var svo stutt, að honum vannst ekki aldur til, að sjá uppskèru þess er hann sáði. Hann sáði í allar áttir og bjó allt í haginn fyrir ókomna tímann, og því er það ókomni tíminn, sem einn getur fellt áreyðanlegan dóm um ríkisstjórn hans. En — þó yfirstandandi tíminn beri enn þá margar gjörðir hans huldar i skauti sínu, má þó bæði segja yfirhöfuð, að ríkisár hans voru Danmörku happasæl, og eins óhætt fullyrða, að Danir hafa aldrei áður á jafnstuttu tímabili (og síðann hann tók konúngdóm) tekið öðrum eins framförum í andlegu fjöri, eða náð öðrum eins lífsþroska; og það er ekki efunarmál, að hann átti í því mikinn og góðan þátt, þó hann að hinu leitinu jafnframt vildi leiða hinn vaknaða frelsisanda með hyggindum og stillíngu. Kristján hinn áttundi mun því, einnig í þessu tilliti ætíð verða talinn, þegar góðra og mikilla konúnga er getið; og, meðan nokkur vísindaneisti lifir á Norðurlöndum, mun það haft fyrir satt, að hann ekki einúngis verndaði og efldi þau umfram flesta aðra konúnga, heldur og líka hitt, sem er svo fágætt, að hann var sjálfur einhver hinn mesti vísindamaður.

Það er nú eðlilegt, þegar jafn vitur og góður höfðíngi situr að ríkjum og Kristján konúngur áttundi var, að það hafi heillarík áhrif, jafnvel á útkjálka ríkisins, sem annars eru vanir að verða útundan og fara á mis við flestar þær endurbætur, sem miða til að glæða fjör og frelsi þjóðarinnar, og þarf því ekki annað enn þekkíngu á því, hve ágætur konúngur Kristján áttundi var, til að geta getið

því nærri, að Íslendíngum muni hafa staðið einhver heill af ríkisstjórn hans.

En — þó er þetta almenna sjónarmið einganveginn einhlýtt, þegar vèr ætlum að renna huganum yfir stjórnaraðgjörðir Kristjáns áttunda Íslandi viðvíkjandi, eins og það líka mundi leiða oss til að leggja ofharðan dóm á hina fyrri Danakonúnga, ef vèr ætluðum að dæma þá og stjórn þeirra í Danmörku, eptir þekkíngar skorti þeirra á landsháttum hèr, afskiptaleysi þeirra af stjórn landsins og öllu því, sem hèr hefur farið aflaga og komið Íslandi á kaldan klaka.

Vèr verðum að skoða Kristján áttunda frá því sjónarmiði, sem er hinum miklu og góðu konúngum sameiginlegt, að kærleiki þeirra er eins heitur alstaðar í ríki þeirra, að þeir láta ást og umhyggju sína ná jafnt til allra þegna sinna; og þetta gjörði Kristján áttundi; hann unni okkur Íslendíngum ekki síður enn Dönum; en — vitska hans og mildi byrtist því ljósar og betur hjá okkur enn þeim, sem hann sá, að við þurftum þess heldur við, að við vorum miklu skemra komnir í allri menntun, að framfarir okkar voru bundnar miklu meiri erfiðleikum og að minni rækt hafði verið lögð við okkur um lánga æfi. Þessvegna fór hann með okkur eins og góður og ástríkur faðir fer með börn sín, sem hann er að reyna til að koma í menníngu með því að æfa sálar gáfur og líkama krapta þeirra. Og er þetta hið mesta lof, sem sagt verður um einvaldan konúng, að hjá honum sè samfara kærleikur og vitska, því það er eins fagurt og það er fágætt! Vèr þurfum því ekki að leíta Kristjáni áttunda lofs með því að bera hann saman við hina fyrri Danmerkur konúnga; og það væri ótilhlýðilegt að meiða minníngu hans, með því að ryfja upp raunir okkar

á hinum liðnu öldum. Minnustum heldur hins með viðkvæmu þakklæti, hve margt hann gjörði vel til okkar og hvað hann var okkur góður!

En — hvernig á jeg að lýsa gæðsku hans við okkur Íslendínga? á jeg að telja upp sèrhverja tilskipun hans, sèrhverja þá endurbót, sem hann gjörði í andlegum og veraldlegum efnum landinu til viðrèttíngar? Að vísu væri þetta nóg; því þær standa hver um sig eins og ævarandi minnisvarðar hans í hjörtum allra Íslendínga; en — þó vildi jeg helzt benda til þess, hvernig þær hafa allar upptök sín úr sömu djúphyggnis - og gæðsku - rót.

Þegar einhver verður altekinn af hættulegri innvortis veiki, þá kemur ekki kák að haldi, eða nein útvortis meðöl; heldur verður að komast að upptökum og tilefni sjúkleikans, til þess bót verði á honum ráðin. Eins er lika varið vanheilsu heilla þjóða; tilskipanir og rèttarbætur geta, ef til vill, græðt útvortis sár og meinsemdir; þær geta tiltekið alla hina ytri niðurskipun þjóðfèlagsins, og rèttindi og skyldur einstakra lima þess. En — sè vanheilsan andleg, þá veita þær ekki nema stundarfrið og fróun; sè andlegur dauði kominn inní þjóðfèlagið, og farinn að heltaka hjartataugar þjóðarinnar, það er að skilja: þjóðernið sjálft, þá verður ekki ráðin bót á því til hlýtar með neinum útvortis aðgjörðum; heldur verður lækníngin að byrja í hjarta þjóðarinnar; hún verður að byrja á þjóðerninu sjálfu; *það* verður að fá í sig nýan il og nýa lífsglæðíngu, til þess að geta rekið dauðann á flótta og lífgað og vermt upp aptur þjóðarlíkamann.

Var það þá ekki jafn viturlegt og mildilegt af Kristjáni áttunda, þegar hann gaf okkur alþíng, og kallaði það sjálfur *svo,* og sagðist vilja, að það

væri lagað sem mest yrði eptir alþíngi hinu forna og sett á Þíngvelli, ef þess væri kostur? Snart hann þar ekki hjörtu allra sannra Íslendínga í þeirra innstu og dýpstu rótum? Er ekki alþíng og Þíngvöllur undirstaða þjóðernis okkar? eða getum við talið þjóðfèlagi okkar nokkurn þann hlut til gyldis, sem eigi sèr ekki rót í þessum gömlu nöfnum? Hèr er nú ekki verið að tala um það, að hve miklu leiti þessu hefði orðið viðkomið, hvort það hefði átt við þarfir þessa tíma að laga hið nýa alþíng eptir hinu forna, eða setja það á Þíngvelli; því um þetta getur ætlan manna verið ýmisleg og það var ekki heimtandi af Konúngi, að hann gæti skorið úr því, sem landsmenn sjálfa hefur svo mjög ágreint um, þó þeir væru nákunnugir bæði afstöðu Þíngvallar og öllum landsháttum. En — hvað sem því líður, þá er hitt óyggjandi, að sèrhver sá, sem ann fósturjörðu sinni hugástum, ber alþíng og Þíngvöll í hjarta sínu; og það er einmidt þessi kærleikur og aðdáanlega nákvæmni, sem lýsir sèr í alþíngisgjöf Kristjáns áttunda og sem vèr helzt eigum að taka til greina. Það er eins og hann hafi ekki einúngis kynnt sèr sögu okkar Íslendínga og þókt vænt um atgjörfi þjóðarinnar, meðan hún var med öllu frelsi og fjöri; heldur er þad eins og hann hafi lifað upp alla raunasögu okkar síðan og fundið til þess í hjarta sínu, hvernig þjóðinni smámsaman hnignaði og hvernig það atvikaðist; því það er ómögulegt, að hann hefði valið orðin: alþíng og Þíngvöll til að vekja okkur með, nema hann hefði sjálfur fundið til afls og þýðíngar þeirra, nema hann hefði glögglega sèð, að í þeim bjó kjarni og hugsjón sögunnar, og að þar sem hin sanna saga hætti, þar byrjaði dauðasagan. Hann ætlaði að endurskapa Íslendínga sögu og byrja hana aptur niður við

rætur. En — þetta þókti sumum okkar óráð og hættuspil, og þá óaði við svo stórkostlegum breytíngum, því það er einkenni andlegs dauða — eins og líka sælunnar og hins algjörða lífsins — að finna ekki til neinna meina.

Konúngur kom þó vilja sínum fram, og vèr feingum alþíng; og þó því væri komið nokkuð öðruvísi fyrir, enn hann hafði í fyrstu tilætlað, fór þó svo, sem hann hugði, að þjóðin vaknaði. Þegar vèr nú gætum þess, hvernig einvalda konúnga er vant að gylda einu, þó þjóðirnar sofi, hvernig þeir einatt leitast við að bæla niður frelsisandann og umbrot hans; og vèr hins vegar íhugum, hvernig Kristján áttundi reyndi með öllu móti til að lífga þjóðerni okkar og glæða hjá okkur fèlagsanda; en að vèr, að minnsta kosti í fyrstunni, tókum því heldur dræmt og dauflega, þá sjáum vèr, að þessi aðferð er gagnstæð hinni, sem vant er að hafa, og eru það ekki öfgar, að þessa muni vera færri dæmi. En — þar sem jeg sagði, að Kristján áttundi hefði með *öllu móti* reynt til að glæða þjóðerni okkar, þá var meiníng mín sú, að allar stjórnaraðgjörðir hans viðvíkjandi Íslandi, hafi helzt lotið að þessu, og að þær hafi sprottið af djúphyggni og gæðsku. Ef leiða þyrfti fleyri rök að þessu, hvað ætti eg þá heldur að taka til dæmis, enn þá tilskipun hans, að einginn meigi fá embætti á Íslandi, nema hann skilji íslenzku og geti nokkurnveginn talað hana? Það var eptir öðrum eins konúngi, að bera virðíngu fyrir því máli, sem er konúnga ættar og eldra enn flestar konúnga ættir; það var eptir viturleik hans að hugleiða, hvernig málið er móðir þjóðernisins og að þjóðerni voru mundi þá fyrst geta vegnað vel og það lifað leingi í landinu, ef það heiðraði þetta foreldri sitt og hefði það í metum; en — hvorutveggju er

hætta búin, ef þeir komast til valda og eiga að ráða fyrir öðrum, sem skilja ekki málið og, ef til vill, óvirða það.

Úr því alþíng komst á að boði konúngs, þá renna nú að miklu leiti saman aðgjörðir hans og þess; því það var fyriræltan hans, að kalla þjóðina til ráðaneytis og lifandi samvinnu til að efla með því heillir hennar, og þarf ekki annað enn benda til alþíngistíðindanna til að sýna, hve miklu hefur orðið ágeingt í andlegum og veraldlegum efnum ekki á leingri tíma. Jeg ætla ekki að nefna þær rèttarbætur, sem viðvíkja einstöku stèttum eða sveitum og sem miða til að koma betra skipulagi á, kippa ýmsu í liðinn, sem aflaga fór og hjálpa við atvinnuvegum; ekki ætla jeg heldur að minnast á endurbót skattalöggjafarinnar, þó hún snerti allt landið og miði til að koma rèttum jöfnuði á gjöld almeníngs; því þetta yrði oflángt mál.

Hèr vil jeg aðeins geta þess, hve ljúflega Kristján áttundi tók undir að gefa Íslendíngum frjálsa verzlun við allar þjóðir. Þegar vèr gætum þess, hve mjög verzlunarfrelsi okkar ríður í bága við verzlun Dana, þá getum vèr bezt matið rètt þá einurð og gæðsku, sem þarf til að taka vel undir þetta mál. Eðallyndi hans skýn hèr svo skært og fagurt, að það yrði ekki bjartara, þó það væri skoðað í skugga þeirrar aldar, þegar verzlan Íslendínga var einokuð og seld þeim í hendur, sem bezt bauð.

En — ætti jeg þá að gleyma afskiptum Kristjáns áttunda af vísindum og andlegri menntun Íslands? þar sem þó öll menntan þjóðanna, sannur fèlagsandi og þjóðerni verður að draga að sèr vísinda anda og getur ekki án þess lifað til leingdar; því það er allt í ætt við vísindin, sem er gott og fagurt og það breiðist með þeim út um löndin, og allt

verður að fá sèr einhvern stuðníng af þeim, því annars dettur það sundur og hrynur, eða líður hjá eins og draumur. Og hvar ætti betur við að minnast á þetta, hvar ætti betur við að blessa minníngu Kristjáns áttunda einkanlega í þessu tilliti, enn í þessum sal, í þessu húsi, sem er bústaður bókmenntanna, sem er vísindunum helgað og sem einmiðt á honum að þakka tilveru sina?

Við því var að búast, að þessi mikli vinur og verndari vísindanna mundi ekki láta hinn lærða skóla hèr fara varhluta af þeirri föðurlegu umhyggju, sem hann bar fyrir þeim í öllu ríki sínu. Hann var heldur ekki leingi að koma á þeirri stórvægilegu endurbót látínu-skólans, sem áður hafði verið í ráðagjörð og að nokkru leiti undirbúin um leingri tíma. Fyrir hans tilstilli hefur nú þessi skóli feingið þá bót, sem oss er öllum kunnug og sem allir verða að kannast við, nema þeir annaðhvort ekki vilji sjá hið sanna, eða sèu með öllu ókunnugir, því hún er svo mikil, að skólinn mun þegar ekki þurfa að standa lángt á baki bræðra sinna erlendis; en — það sem, að minni ætlan, er þó einna mest í varið, er þetta: að, auk hinna lifandi mála, sem hèr eru nú fleiri kennd enn áður og sem opnuð er með samgánga milli þjóðernisins og hinnar alþjóðlegu menntunar, þá er nú lángtum meiri rækt, lögð við mál okkar enn áður, því nú hefur það náð hèr fullkomnum rètti sínum; og á því ríður ekki lítið; því málið er móðir þjóðernisins; en — þjóðernið er undirstaða þjóðarlífsins.

Ekki get jeg heldur geingið þeigjandi fram hjá prestaskólanum, sem Kristján áttundi reysti hèr með framkvæmdarsömum og kröptugum konúngs vilja, eptir bón þjóðarinnar og tillögum flutníngsmanna hennar. Að þessu vatt hann því bráðari bug,

sem hann sá, að andleg uppfræðíng alþýðu mundi, eins hèr og í hverju öðru landi, verða að spretta upp úr landinu sjálfu, til þess hún geti náð jafnt yfir og orðið almenn, og að sèrhvert land verður að eiga sèr einhverja þá stiptun, er samþýði vísindalegar og háleitar hugsjónir guðfræðinnar við þann hugmyndahríng, sem snýst um hinar lægri stöðvar lífsins. Það var tilætlun Kristjáns áttunda, að þessi prestaskóli undirbyggi prestaefni undir kennimannsembætti og gjörði þá, sem í hann gánga, svo úr garði, að hin andlega stètt hèr á landi næði með tímanum viðlíkri menntun og hún fær í öðrum löndum. Kristján áttundi þekkti gjörla hið innra andlega samband, sem er milli kristinnar trúar, vísindanna og almenníngs uppfræðíngar; hann þekkti gjörla skyldugleika kirkjunnar og skólans; eins og hann var vísindamaður, svo var hann líka trúmaður; þess vegna unni hann einnig kennidóminum og vildi, að hann væri svo menntaður, að hann gæti lýst öðrum með lofsverðu dæmi í öllu því, sem er gott og fagurt; og ber Ísland þessa miklar menjar bæði í stofnun prestaskólans og endurbót hins lærða skóla; og þessum bæ er heldur ekki lítill feguðarauki í þessu skólahúsi og í hinni veglegu dómkirkju, sem enn er í smíðum. Kristján áttundi vildi jafnan, að hið innra og ytra sambyði hvað öðru, að hugsjónin samsvaraði búníngi sínum; þessvegna vildi hann og, að öll helgihöld færu í sniðum og að guðshús væru svoleiðis prýdd, að þau sambyðu þeirri guðsdýrkun, sem á að vera í anda og sannleika, að þau sambyðu fegurðartilfinnaninni, því hún er gróðursett af honum, sem er faðir allrar fegurðar og reglu. Það er líka sannspurt, að Kristján áttundi lèt sèr mjög um það hugað, að dómkirkjan hèr yrði vegleg og vönduð og að hann sjálfur hafði nákvæmt eptirlit á

uppdrætti hússins; og er það hverjum manni auðsætt, að þesshattar nákvæmni hefur sprottið úr kristilegri fegurðarrót, og af kærleika hans til Íslendínga, eins og það er nýr vottur þess, hvernig hann lèt sèr annt um að prýða og efla Reykjavíkurbæ, sem hann í mörgu fleiru hefur látið ásannast.

Þannig hefur Kristján konúngur áttundi með öllu móti reynt til að efla heillir Íslendínga; fyrir hans tilhlutun eru öll þjóðarmálefni komin á einhverja hreifíngu og hvar sem á landið er litið, þá er nafn hans allstaðar ritað með skýru letri, sem heilar aldir fá ekki útskafið; en — grafletur hans er ritað í hjörtum Islendínga með stöfum elskunnar, sem ekki deyr, af því hún er sterkari enn dauðinn.

Kristján áttundi efldi ekki einúngis sjálfur Islands heillir, heldur gaf hann okkur líka von um, að verki sínu mundi verða haldið áfram, þó sín missti við, meðþví hann optar enn einusinni sagði Íslendíngum, að sonur sinn mundi láta sèr um það hugað að efla Islands hag, og þetta voru ekki eintóm fagurmæli; það voru að vísu fögur orð, en þau voru líka efnis mikil og vel til þess fallin, að gjöra Kristján áttunda okkur ennþá minnisstæðari, ef þess væri auðið; því þau sýna okkur, hvernig hann sjálfur leit á aðgjörðir sínar og skoðaði þær eins og byrjun og undirbúníng ókomna tímans, og það líf, sem hann kveikti í þjóðarmálefnum okkar, eins og glæðíngu enn meira fjörs og frelsis; og líka sýna þau, að mildi hans við okkur Islendínga var ekki snögglegt góðvildar uppþot, sem kemur fljótt og fer eins fljótt aptur, líkt og sólarglampi á sjóarbáru; heldur var hún bygð á hyggindum og samfara umhugsun um forlög okkar eptirleiðis, hún var djúpt gróðursett og náteingd föðurástinni, rètt eins og hún rinni til okkar um hjarta sonar hans. Þess vegna treystum vèr því og, að hann, sem byrj-

að hefur ríkisstjórn sína með því að ávinna sèr hjörtu og hylli allra Dana, muni líka gefast okkur vel. En — þó munum vèr aldrei gleyma því, að þó margt kunni að verða blómlegra hèr á landi eptir enn áður, þó ókomni tíminn rètti að okkur tómar rósir, þá spretta þær þó upp af rótum þeim, sem KRISTJÁN áttundi hefur gróðursett, og verða ekki slitnar frá minníngu hans, nema með því að ónýta og tæta í sundur sögu okkar og sannleikann; en það getur einginn; sízt nokkur sá, sem ann hvorutveggju og er góður Islendíngur.

En — í öllu sem viðber og fram við oss kemur, þekkjum vèr þína handleiðslu drottinn! þú ræður fyrir lífi og dauða og ræður jafnan vel, því þínir vegir eru miskun og trúfesti. Þú gafst oss góðan konúng, þar sem KRISTJÁN áttundi var; hann var verkfæri í þinni hendi, til að efla heillir þessa lands; þú hefur kallað hann aptur til þín, til þess ríkis, sem ekki er af þessum heimi, og sett hann þar yfir annað meira. En — þú hefur ekki sleppt af oss hendinni fyrir það, því þú sleppir eingum, sem ekki sleppir þèr; þú ert allt umfaðmandi kraptur og speki og gæzka, og hefur forlög þjóðanna og hjörtu konúnganna í þinni hendi. Láttu nú þann konúng, sem kominn er aptur til ríkis í Danmörku, verða oss góðan og mildan, eins og faðir hans KRISTJÁN áttundi var; blessaðu ríkisstjórn hans og efldu hann í öllu góðu; gefðu okkur öllum þann frið og það frelsi, sem sprettur frá þèr og leiðir til þín, þá erum vèr gódir þegnar og þín börn. En það er gott að vera þinn þegn og þitt barn, því þú ert konúngur konúnganna og kærleikurinn sjálfur. Þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

III.

Saungur

orktur af

skólakennara **G. Thorarensen.**

(súnginn af lærisveinum skólans).

1.

Hann fèll, þá hæst hans heiður skein,
harmdauði láði' og þegnum.
Þjóðar - fèlagsins margföld mein
mýkti hann huga gegnum;
vizka hans, afl og ást
eingum hans þegna brást —
það brast, en trygða tár
trúnaðarheit og klár
herma frá hörmum megnum.

2.

Drottinn, sem landa og lýða ráð
leiðir í miskun skærri!
þó hegníngin oss hrelli bráð,
er hjálp þín meiri og stærri.

Ásjón þín ástar - blíð
aumki nú hreldan lýð!
Þú einn kant bæta bezt
böl það, er hlutum mest.
Veikstöddum vert oss nærri

3.

Ó guð, þú gefur veraldar völd
og veitir konúngdóma!
óvina ráð, þó reynist köld,
ríkinu leið til sóma.
Veittu þjóðinni þor!
þjóðkonúngs blessa spor!
Þíns máttar sigur - sól
sífelt hans konúngstól
láti í vegsemd ljóma!

1848.


Lbs - Íslandssafn
100438453 - 8

